



## Náttúrustofa Suðurlands

Stjórnarfundur nr. 1.

21.02.2026

Stjórnarfundur hjá Náttúrustofu Suðurlands haldinn að Helgafellsbraut 23C Vestmannaeyjum þann 21.02.2026 kl.14:00. Mættir voru stjórnarmenn, þau Ragnheiður Sveinþórsdóttir, Viktor Ragnarsson, Örn Friðriksson formaður og Erpur Snær Hansen forstöðumaður. Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá.

1. Farið yfir rekstur síðasta árs, en tap var á árinu. Hins vegar var töluverður hagnaður árið 2024 og var það því meðvituð ákvörðun stjórnar að fjárfesta á liðnu ári í tækjabúnaði til rannsókna. Voru keyptir öflugir drónar til að sinna rannsóknarstarfinu. Ómetanleg gögn söfnuðust síðasta sumar með þeim.
2. Forstöðumaður stofunnar gerði grein fyrir óskum sínum um ráðningar á starfsfólki bæði til sérverkefna og verkefna næsta sumars. Farið var vel yfir óskir hans og eftirfarandi samþykkt: Ráða mann til sex mánaða í sérverkefni er varðar drónatalningar. Sumarstarfsfólk verður samkvæmt venju.
3. Önnur mál. Ákveðið að halda síðasta fund stjórnarinnar um miðjan apríl.

# Undirritunarsíða

Örn Friðriksson

Ragnheiður Sveinþórsdóttir

Viktor Ragnarsson

Erpur Snær Hansen